

Starfsáætlun

2025-2026



Leikskólinn Glaumbær

Borgarfirði eystra



Efnisyfirlit

Formáli	3
Greinargerð deildarstjóra	4
Mannauður	5
Hagnýtar upplýsingar	7
Foreldrasamstarf	11
Samstarf	12
Lokaorð	13

Formáli

Leikskólinn Glaumbær hefur verið starfræktur síðan 1981 en þá var byggður leikskóli í miðju þorpinu. Tvö ár þar áður höfðu kvenfélagskonur séð um gæslu barna á leikvelli sem þá hafði verið útbúin með leiktækjum fyrir börn. Árið 2008 er svo tekin ákvörðun að sameina leik- og grunnskóla á Borgarfirði undir einn skólastjóra en áfram var leikskólinn starfræktur í leikskólahúsinu. Það er síðan 2011 sem leikskólinn er fluttur í húsnæði grunnskólans þar sem hann er í dag.

Leikskólinn er starfræktur með sömu yfirstjórn og grunnskólinn á Borgarfirði sem er rekinn sem deild undir Fellaskóla og er skólastjórinn þar skólastjóri leikskólans Glaumbæjar.

Starfsáætlun er yfirlýsing um hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfinu. Hún byggist á því sem samfélagið telur mikilsvert og á þeim menningararfi sem talið er mikilvægt að koma áleiðis til næstu kynslóðar. Leikskólastigið er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Starfsmönnum ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem fram kemur í starfsáætluninni

Starfsáætlun gerir leikskólastarfið sýnilegra með því að:

- veita heildarsýn yfir skólastarfið
- setja markmið um starfið og umbótamiðað innra mat
- gefa starfsmönnum skýrar upplýsingar um hvers er vænst af þeim
- gera nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- auðvelda markvisst samstarf við foreldra, önnur skólastig og aðra samstarfsaðila.

Starfið tekur margs konar breytingum og þróast í takt við starfsmannahópinn, hvern barnahóp fyrir sig og tíðarandann, því er starfsáætlunin í sífelldri endurskoðun.



Greinargerð deildarstjóra

Starfið á leikskólanum er hefðbundið leikskólastarf og er leikurinn helsta námsleið barnanna enda sýna rannsóknir að lítil börn læra og þroskast best í leik, hann er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Börn eru athafnasöm og hugmyndarík í eðli sínu, þau reyna ýmsar leiðir í samskiptum sínum við félagana og í leik miðla þau af reynslu sinni og þekkingu. Frjálsi leikurinn leysir tilfinningar, s.s. ótta og gleði, úr læðingi og hjálpar börnunum við að styrkja sjálfsmynd sína. Hann er uppspretta samskipta barna og því er lögð rík áhersla á að hlúa að honum frá fyrstu tíð.

Sameiginleg gildi grunn- og leikskólans eru **gleði, árangur og virðing**. Þessi gildi eiga að lita samskiptin og allt starf leikskólans, þau eru því leiðarljós sem vísa kennaranum leiðina í leik og starfi.

Síðastliðin tvö ár höfum við verið að innleiða uppeldisstefnu sem byggir á jákvæðum aga og lausnarhringnum. Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni.


Á hverju hausti veljum við okkur lausn úr lausnahringnum til að vinna með og í vetur var það „bjóða knús“ og „fyrirgefðu“. Eins veljum við okkur markmið jákvæðs aga og fyrir valinu varð „jákvæð orðræða sem byggir á virðingu, vinsemd og festu“.

Þessi vetur hefur verið ánægjulegur en samt annasamur bæði í leik og starfi.

Í haust voru nemendur leikskólans 11 en um miðjan vetur fluttu tveir þannig að í vor eru nemendur 9 talsins.

Við erum sífellt að máta okkur við það rými sem í boði er, aðlaga það og útbúa ný, má þar t.d. nefna „hellinn“ skynjunarrými fyrir nemendur og einnig kubbasvæði þar sem við stúkuðum af helming bókasafnsins og nýttist það nú sem byggingarsvæði. Við endurhönnuðum einnig smiðjuna og er hún núna meira sniðin að því að efla sjálfsbjargarviðleitni og frumkvæði nemenda.

Við tókum þá ákvörðun um mitt skólaár að vinna námsáætlun sem miðast að því að auka samkenslu elstu nemenda leikskóla með yngstu nemendum grunnskóla. Þetta er ekki nýlunda hjá okkur en í þessari námsáætlun koma fram markmið kennslunnar, leiðir og námsefni. Þetta gerum við bæði til að efla faglega vinnu og öryggi okkar í starfi en einnig til að ramma þetta inn í skólabraginn okkar. Þessi vinna spratt upp af verkefninu „Með leikinn að leiðarljósi“ sem er samstarfsverkefni sjö leikskóla á Austurlandi og Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.



Þessi námsáætlun er ekki að fullu komin í notkun en stuðst hefur verið við hana í vetur þegar elsti nemandi leikskólans hefur farið í skólastundir í grunnskólanum.

Áfram var leikskólaþing í boði fyrir nemendur grunnskólans. Einn nemandi í 7. bekk valdi það og var hjá okkur í vor ca. 1 klst í viku í 6 vikur. Elsti nemandi leikskólans hefur farið í reglulegar skólaheimsóknir í 1. bekk í Fellaskóla í vetur þar sem hann hittir elstu nemendur leikskólans Hádegishöfða og hefur þetta verið mjög vel lukkað. Þetta hefur eftir okkar nemanda hvað varðar félagsþroska og félagsleg tengsl einnig veitir þetta honum meira öryggi þegar kemur að því næsta haust þegar hann hefur skólagöngu og fer að fara í sínar „Fellaferðir“.

Í vetur hefur verið unnið með nemendur í tveimur námshópum, Álfahóp og Tröllahóp. Eins og áður höfum verið að vinna með grunnþætti menntunar sem þemu, þar sem við skiptum grunnþáttunum niður á tímabil á starfsárinu (sjá skóladagatal). Þetta er partur af ákvörðun sem við tókum í fyrra og erum við að þróa þessa vinnu yfir þriggja ára tímabil.

Útinám var hluti af vikulegu plani leikskólans og létum við veðrið sjaldan stoppa okkkur. Nemendur unnu í námshópum sínum náttúrutengd verkefni sem einnig tengdust inn á grunnþætti menntunar. Notast var við útinámsstofu skólans, leikskólalóðina og nærliggjandi svæði. Útinámið er í stöðugri þróun og verður það áfram.

Það var ánægjuleg viðbót þegar við gátum loksins farið að fara með nemendur í hreyfingu í sal Fjarðarborgar. Það er hluti af hreyfingu/íþróttum/dansi nemenda og á hvor hópur nú hreyfistund þar einu sinni í viku.

Mannauður

Lögð er áhersla á að starfsmenn bæði grunn- og leikskóla vinni sem ein heild, styðji og séu til staðar fyrir hvern annan. Í byrjun skólaárs er reynt að skipuleggja skólastarfið þannig að bæði starfsfólk og verkefni flæði á milli skólastiga, þannig nýtist bæði tíminn og mannaflinn sem best og nemendur fá að reyna sig við krefjandi verkefni.

Endurmenntun fer að mestu fram á starfsdögum/skipulagsdögum og á starfsmannafundum skólans. Þetta er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Aðra endurmenntun getur starfsfólk valið að sækja sér út frá áhugasviði, einnig eru í boði námskeið sem eru skipulögð af Farsældarþjónustu Múlaþings. Inn á fræðslugátt Múlaþings eru mörg áhugaverð námskeið sem starfsmenn geta tekið.

Dæmi um önnur námskeið sem kennarar skólans hafa sótt eru ASEBA, TRAS, Með leikinn að leiðarljósi, grunn- og framhaldsnámsskeið tengiliða farsældar, kynferðisofbeldi og kynferðisleg



hegðun barna 2 – 6 ára og FAST hetjurnar. Námskeið eru líka á vegum Íslensku menntafléttunnar. Í vetur er einn starfsmaður að ljúka 1. ári í MT í leikskólakennarafræðum við HA.


Móttökuáætlun er ekki til staðar fyrir nýja starfsmenn en deildarstjóri sér um að kynna þeim mikilvæg atriði í skólastarfinu, fer yfir stefnu skólans og auðveldar þeim að aðlagast nýjum vinnustað eins og þurfa þykir.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári.

Eitt skóladagatal er fyrir bæði skólastigin þar sem fram koma t.d. starfsdagar, starfsmannafundir, uppbrotsdagar, viðburðir og frídagar.

Starfsmannafundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði þeir eru haldnir seinni part dags og reynt að hafa þá ekki alltaf á sama vikudegi. Þar sem við höfum ekki afleysingu til leysa okkur af inn á deild til að taka deildarfundi þá tökum við eina klukkustund af starfsmannafundinum undir deildarfund leikskóla. Deildarstjóri og kennari á leikskóladeild hafa ekki haft í vetur sameiginlegan undirbúning en þurfum að bæta úr því næsta vetur því okkur finnst mikilvægt að geta átt samráð og stillt saman strengina í faglegri vinnu á deildinni. Deildarstjórar leik- og grunnskóla hafa samráðsfundi þegar því verður við komið.

Í vetur voru 3,4 stöðugildi við leikskóladeildina og störfuðu þar einn leikskólakennari sem er deildarstjóri í 100% starfi, einn kennari í kennaranámi í 100 % starfi og tveir ófaglærðir kennarar í 70% starfi hvor.



Hagnýtar upplýsingar

Barnahópurinn

Í vetur voru 11 nemendur á aldrinum 1 – 5 ára á leikskóladeildinni fram að áramótum en þá hættu tveir. Ekki nein umsókn hefur borist okkur varðandi skólavist að hausti.

Heildarfjöldi barna og aldursdreifing

Skólaárið 2025-2026			
Fæðingarár	Heildarfjöldi	Drengir	Stúlkur
2020	1	1	
2021	0		
2022	4	2	2
2023	2	1	1
2024	2		2
Samtals	9	4	5

Viðvera barna

Fjöldi klukkustunda	2020	2021	2022	2023	2024
5					
6					
7					1
8	1	0	4	2	1

Stoðþjónusta

Leikskólar í Múlaþingi heyra undir fjölskyldusvið og sinnir skóla- og frístundaþjónusta Múlaþings sérfræðilegum stuðningi við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu skv. lögum um leik- og grunnskóla og reglugerð um hlutverk og markmið skólaþjónustu. Skóla- og frístundaþjónustan tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Markmið með skóla- og frístundaþjónustu sveitarfélaga er að kennslu-, sál-, þroska- og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Skóla- og frístundaþjónusta á að efla skóla sem faglegar stofnanir sem eiga að geta leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla, leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á. Samið hefur verið við Sálstofuna um þjónustu og bjóða sálfræðingar þar upp á ráðgjafaviðtöl.

Starfsmenn skóla- og frístundaþjónustu Múlapings eru:

Ragnhildur Íris Einarsdóttir, kennsluráðgjafi
Marta Wium Hermannsdóttir, leikskólafulltrúi
Eyrún Björk Einarsdóttir, talmeinafræðingur
Stefanía Malen Stefánsdóttir, grunnskólafræðingur
Þórunn Ólafsdóttir, verkefnastjóri frístunda og forvarna
Dagný Erla Ómarsdóttir, verkefnastjóri íþróttar og æskulýðsmála
Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Farsæld barna.

Samkvæmt lögum þá eru tengiliðir farsældar barna í leikskólanum Glaumbæ. Hlutverk tengiliða er að stuðla að því að börn fái þá þjónustu sem þau þurfa á að halda. Það getur verið aðstoð við hæfi eða leita ráða til að vita hvar sú aðstoð er fánæg. Lögin tryggja að foreldrar og börn fái rétta aðstoð, á réttum tíma og frá réttum aðila. Ásamt því að allir í teyminu eru að vinna að sama markmiði og að allir séu upplýstir um stöðu mála. Foreldrar og börn geta sjálf sótt eftir því að fá aðstoð tengiliða. Hægt er að skoða nánar inn á www.farsaeldbarna.is.

Tengiliður farsældar við leik- og grunnskóla er Jóna Björg Sveinsdóttir.

Í lausnateymi leikskólans vegna þrepaskipts stuðnings í leikskólum Múlapings eru:

Jóna Björg Sveinsdóttir, deildarstjóri leikskóla
Tinna Jóhanna Magnusson, deildarstjóri grunnskóla
Helenda Rós Einarsdóttir, verkefnastjóri stoðþjónustu Fellaskóla/leik- og grunnskóla Borgarfjarðar

Í nemendaverndarráði leikskólans eru:

Helena Rós Einarsdóttir, verkefnastjóri stoðþjónustu
Anna Birna Einarsdóttir, skólastjóri
Marta Wium Hermannsdóttir, leikskólafulltrúi
Hanna Guðrún Brynjarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Aðlögun

Á Glaumbæ eru stuðst við þátttökuaðlögun þegar barn byrjar á leikskólanum. Hún byggir á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé barnið að læra að vera í nýjum aðstæðum.

Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í leikskólastarfinu þá þrjá daga sem aðlögunin á sér stað. Með því fá foreldrar kjörið tækifæri til að kynnst starfinu og kennurum leikskólans, dagsskipulagi og leiknum sem stuðlar að öryggi og trausti foreldra í garð leikskólans. Með þessu ferli öðlast bæði foreldrar og börn það öryggi sem þarf til að dafna í leik og starfi. Foreldrar kynnst auk þess öðrum foreldrum í sömu sporum og myndast gjarnan kunningja- og vinasambönd þeirra á milli.

Viðbótarkennsla

„Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.“

Samkvæmt hugmyndafræði „skóli án aðgreiningar“ eða „skóli fyrir alla“ ber leikskólanum að taka á móti öllum börnum þar sem þeim býðst góð menntun sem er byggð á þörfum þeirra.

Sum börn þurfa meiri aðstoð en önnur til að þroskast og læra. Þegar slík er raunin og til að hægt sé að mæta þörfum þess er unnið með það sérstaklega innan hópsins eða einstaklingslega.

Viðbótarkennsla hefur verið fyrir tvo nemendahópa núna seinnipart vetrar og verður sú tilhögun áfram næsta vetur. Eru þetta allt nemendur með annað tungumál en íslensku sem heimamál. Einnig hafa verið notaðir málörvunar-, hreyfi-, og félagsfærnihópar til að vinna með þær áskoranir sem fyrir hendi eru.



Húsnæði og lóð

Síðastliðið vor var útbúinn nýr almenningisleikvöllur sem staðsettur er við hlið leikskólalóðar og nýtist leikskólanum vel. Í bígerð er örlítill stækkun á leikskólalóð og verður það vel þegið þar sem við erum komin með stærri hóp eldri nemenda sem þurfa gott rými til leiks. Sett var upp brunakerfi í skólanum í haust sem tengt er vöktun hjá Securitas.

Í vetur fengum við heimsókn frá verkefnisstjórum framkvæmdamála í sveitarfélaginu. Í framhaldi af því kölluðu þau eftir hugmyndum frá starfsfólki skólans varðandi skólahúsnæðið og umhverfi þess. Vildu þau fá sýn starfsfólksins varðandi heildarútlit skólans sem og atriði sem hægt væri að fara í án mikils fyrirvara og kostnaðar. Þessi vinna er farin af stað hjá starfsfólki skólans og stefnt er á að skila þessu vinnublaði inn fyrir sumarfrí.

Meðal annars sem kemur fram á þessu vinnublaði eru atriði er varða t.d.

- Öryggismál eins og glugga á öll rými þar sem börn dvelja með kennurum en einnig neyðarop á glugga vegna eldsvoða
- betri inngang inn í leikskólann þar sem ekki er hætt á snjóstöfnun fyrir neyðarútganga og á þökum með tilheyrandi snjóhengjusöfnun
- varanlega útfærslu á fataklefa nemenda
- útigeymslu/bíslag þar sem hægt er að geyma barnavagna og stærri leikföng
- endurnýjun á verönd
- málun veggja í nokkrum rýmum leikskólans svo og miðrými skólans þar sem börnin matast



Öryggismál

Sjá starfsáætlun Fellaskóla

Skóladagatal

Sjá fylgiskjöl

Foreldrasamstarf

Foreldrar eru velkomnir á alla viðburði í grunn- og leikskólanum svo og á fundi og kynningar. Þetta á bæði við foreldra grunn- og leikskólanemenda. Foreldrar leikskólabarnanna eru mikilvægur hlekkur í öllu skólastarfinu og í svona fámennu skólasamfélagi skiptir hver einstaklingur miklu máli.

Haldinn er einn samtalsdagur á hverju skólaári þar sem foreldrar og kennarar ræða einslega þroska og stöðu barnsins á leikskólanum en einnig til að koma á framfæri hugmyndum og vangaveltum varðandi skólastarfið. Þessi samtalsdagur er í mars. Einnig eru tveir foreldrafundir með öllum foreldrum til að leggja fyrir áætlanir t.d. skóladagatal en einnig til að kynna nýjungar fyrir foreldrum, þessir fundir eru í upphafi og lok skólaársins.

Foreldrar skipuleggja uppákomur í leikskólanum t.d. mæðra- og feðradaginn, öskudaginn og aðstoða við framkvæmd á öðrum uppbrotsdögum. Þeir aðstoða við fegrun á umhverfi leikskólans og safna fyrir hlutum til að gefa til skólans. Samstarf foreldra, kennara og starfsfólks skólans í viðburðum á vegum skólans er mikilvægt, nauðsynlegt og mjög ánægjulegt.

Á töflu í fataklefa skólans eru upplýsingar um dagskipulag, þemavinnu og fleira sem varðar foreldra og börn. Foreldrar fá reglulega sendan póst frá leikskólanum um starfið og annað sem ástæða þykir að minnast á. Völu-appið fyrir foreldra og kennara er mikið þarfaþing þar sem við getum sent og tekið á móti tilkynningum, sent fréttir, matseðla og viðburðadagatal fyrir leikskólann. Foreldrar hafa greiðan aðgang að kennurum og öðru starfsfólki skólans og foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann til skrafs og ráðagerða.

Foreldrafélag.

Foreldrafélag er starfrækt við skólann. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl forráðamanna við starf skólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Allir forráðamenn verða sjálfkrafa félagar um leið og nemendur hefja skólagöngu sína. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn í september.

Foreldrar leikskólabarna eru fullgildir meðlimir í foreldrafélagi Grunn- og leikskóla Borgarfjarðar.

Í stjórn eru: Árni Þór Magnússon, formaður, Þórhildur Jóhannesdóttir, varaformaður, Tinna Jóhanna Magnússon, gjaldkeri, Árni Magnús Magnússon, ritari og Lindsey Lee, meðstjórnandi.

Foreldraráð

Sjá starfsáætlun Fellaskóla.

Fulltrúar foreldra barna í leik- og grunnskóla Borgarfjarðar eiga ekki fulltrúa í foreldraráði.

Áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna í fjölskylduráði.

Dagur Hákon Rafnsson, Djúpavogi

Samstarf

Leikskólar í Múlaþingi heyra undir Fjölskyldusvið og veitir skólaþjónusta Múlaþings faglega þjónustu og ráðgjöf, þar með talda faglega ráðgjöf til fjölskyldna, stjórnenda og starfsfólks leikskóla.

Skólaþjónustan og farsældin starfa saman í því skyni að leysa farsællega úr málefnum barna og fjölskyldna þeirra.

Mikið og náið samstarf er við grunnskóladeildina og er mikið flæði á milli skólastiga.

Mikið samstarf er við Fellaskóla og alltaf þegar við höfum haft nemendur í elsta árgangi hafa verið reglulegar heimsóknir þangað.

Heimsóknir í Hádegishöfða hafa verið í þróun og vonandi getum við átt í meira og nánara samstarfi við þau.



Lokaorð

Við finnum fyrir því að aftur er leikskólastarf á Borgarfirði komið í fastar skorður. Við erum komin með fastan kjarna af góðu starfsfólki, stærri barnahóp og þar af leiðandi fleiri heimili sem standa að þessum barnahópi. Alltaf er þetta jú samspil margra þátta, það er börnin, foreldrarnir, kennararnir og umhverfið allt. Allt spilar þetta saman og gæta þarf jafnvægis til að þroski, reynsla og lærdómur eigi sér stað. Samfélagið hérna heima styður við okkur og reynum við af fremsta megni að gefa af okkur til baka til samfélagsins.

Við horfum bjartsýn til framtíðar og hlökkum til að takast á við ný verkefni næsta skólaár.

Jóna Björg Sveinsdóttir
Deildarstjóri

Fylgiskjöl: Skóladagatal

